

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 6. mars 2017 kl. 13.

Fundinn sátu: Andri Þór Sturluson, Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Halldóra Mogensen, Sara Elísa Þórðardóttir og Smári McCarthy. Fundarstjóri var Jón Þórisson. Gunnar I. Guðmundsson tilkynnti forföll.

Berglind ritar fundargerð.

Nr. 12/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 1. mars var samþykkt.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Ásta Guðrún gerði grein fyrir fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Nefndardagar verða haldnir í næstu viku. Mannabreyting í nefnd rædd og samþykkt var samhljóða að Gunnar Hrafn taki sæti Einars í allsherjar- og menntamálanefnd.

3. Dagskráin í dag og framundan

Gunnar Hrafn hyggst ræða við heilbrigðisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag um geðheilbrigðisþjónustu og Björn Leví hyggst ræða við heilbrigðisráðherra aukakostnað við sjúkratryggingar ef tækifæri gefst í dag. Andri Þór tekur þátt í sérstökum umræðum Birgittu á morgun um stöðu fanga. Þingvakt næstu daga og skráningar í störf þingsins ræddar.

4. Bréf úr nefndum

Viðstaddir greindu frá stöðu mála í nefndum.

5. "Stand-up"

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála, verkefnum í vinnslu og næstu skrefum.

6. Tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð

Borist hafa tillögur að tilnefningum. Málið verður rætt betur síðar. Óskað var eftir að taka stjórnir fyrirtækja og upplýsingalög til frekari umræðu á þingflokksfundi við tækifæri.

7. Starfsmannamál

Starfsmannamál þingflokksins voru rædd. Auglýsing aðstoðarmanns var rædd og verður hún send út á morgun. Siðareglur varðandi ráðningar voru ræddar.

8. Umsóknir um fjármuni úr sameiginlegum sjóðum þingflokksins

Ásta vakti athygli á umsóknareyðublaði sem hún hefur útbúið varðandi umsóknir um fjármuni úr sameiginlegum sjóðum þingflokksins. Gerð var stutt athugasemd við orðalag. Umsóknareyðublaðið var því næst samþykkt samhljóða. Störf þingflokksins rædd.

9. Drög að tillögum um fundarsköp þingflokks Pírata

Dagskrárlið frestað.

10. Hæfniskröfur í nefndum

Tekið út af dagskrá.

11. Fyrirspurn

Birgitta vakti athygli á fyrirspurn frá blaðamanni sem sent var á þingmenn. Fyrirspurnir, viðbrögð og ferlar voru rædd.

12. Ósk um fund

Jón Þórisson greindi frá erindi frá BSRB. Samþykkt var að þingflokkurinn fari ekki á fundi hjá utanaðkomandi aðilum heldur bjóði viðkomandi á fund. Jón Þórisson athugar hvort BSRB komist á þingflokksfund miðvikudaginn í næstu viku.

13. Önnur mál

Smári bar upp tillögu að kynningarfundum fyrir þingflokkinn og var hún rædd. Smári sendir tillögu á þingflokkinn. Ákveðið var að halda strategíufund á föstudaginn kl. 11-14. Rætt var um páskaleyfi. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.42.